



Reykjavík, 7. október 2024

FAS24090029

Borgarráð

Tillaga um ráðstöfun eigna og slit Músíksjóðs Guðjóns Sigurðssonar.

Lagt er til að fjármunum „Músíksjóðs Guðjóns Sigurðssonar“ verði ráðstafað til verkefnisins Tónlistaborgin Reykjavík og að sjóðnum verði slitið við sama tækifæri, með fyrirvara um samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar.

Greinargerð:

Vísað er til tölvupósts, dags. 23. september 2023, sem barst sviðsstjóra sem og lögfræðingi fjármála- og áhættustýringarsviðs frá sviðsstjóra Menningar- og íþróttasviðs þar sem lagt er til að fjármunum úr Músíksjóði Guðjóns Sigurðssonar verði varið í samræmi við tilgang sjóðsins en hann hefur verið óhreyfður til margra ára.

Í erindi Skóla- og frístundasviðs kemur fram lagt sé til að verkefnið Tónlistaborgin Reykjavík og Nýsköpunarmiðja menntamála fari í samstarf við nýja Tónlistarmiðstöð um viðbótarframlag til eins árs inn í Tónlistarsjóð, deild innviða og þróunar. Um yrði að ræða einkisáhrif með mótframlagi frá Tónlistarsjóði. Verkefnið verður að eiga sér stað í Reykjavík og fjórðungi sjóðsins skal varið til barnamenningar. Búið er að hafa samband við framkvæmdastjóra Tónlistarmiðstöðvar upp á að tryggja mótframlag.

Markmið Tónlistaborgarinnar er að skapa hagstæð skilyrði og sterkt stuðningsnet fyrir tónlistartengd verkefni til að blómstra í borginni, auk þess að varpa ljósi á reykvíska tónlistarsenu sem laðar að sér ferðafólk og íbúa. Með þessari innspýtingu er verið hlúa að barnamenningu, tónlistarhátíðum, viðskiptahugmyndum í tónlist og sprotaverkefnum og áframhaldandi aðstöðu fyrir lifandi tónlistarflutning í borginni sem styður um leið við tónlistarlífið, og umgjörð tónlistarsenunnar í Reykjavík. Í skipulagsskrá sjóðsins frá 14. febrúar 1940, nánar tiltekið í 2. gr. að tilgangur sjóðsins sé að stuðla að því að íbúar höfuðstaðar Íslands eigi ókeypis eða með vægum kjörum aðgang að því að njóta góðrar tónlistar við almenningshæfi. Er það mat sviðsstjóra að ráðstöfun fjármuna sjóðsins til verkefnisins Tónlistaborgin Reykjavík sé sem skyldastu hinum upphaflegu markmiðum.

Ársreikningur fyrir árið 2023 var lagður fram þann 12. ágúst 2024 þar sem fram kemur að eigið fé sjóðsins nemi 11.407.013 kr. Er það sú fjárhæð sem lagt er til að verði veitt úr sjóðnum, auk þeirra vaxta sem fallið hafa til þar til sjóðnum er formlega slitið. Jafnframt er lagt til að sjóðnum verði slitið eftir að eign sjóðsins hefur verið ráðstafað samkvæmt framansögðu.

Niðurlagning og ráðstöfun fjármuna umrædds sjóðs eru háð samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar, sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 6. gr. fyrrgreindra laga skal við niðurlagningu sjóðs eignum varið til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum en Reykjavíkurborg er vörsluaðili sjóðsins og yfir honum er engin starfandi stjórn. Því er óskað eftir að borgarráð samþykki að leggja niður sjóðinn og úthluta fjármunum hans,



með fyrirvara um samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra, í samræmi við framangreinda tillögu sem er í samræmi við markmið sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Samrit:

Hjálagt: Ársreikningur sjóðsins 2023, skipulagsskrá og greinargerð fjármála- og áhættustýringarsviðs.



Reykjavík, 7. október 2024

FAS24090029

Greinargerð um slit og ráðstöfun eigna Músiksjóðs Guðjóns Sigurðssonar FAS24090029

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, er sýslumanni heimilt að leggja niður staðfestan sjóð eða stofnun en eignum skal varið til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum. Í 3. mgr. sömu greinar kemur fram að ávallt skuli leita umsagnar Ríkisendurskoðunar ef leggja eigi sjóð niður.

Eins og áður hefur komið fram, segir í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 19/1988 að eignum sjóðanna skuli varið til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum sem fram koma í stofnskrá sjóðanna. Vinna fór fram á viðeigandi sviðum borgarinnar til að tryggja það að áðurnefndu ákvæði væri fylgt af mikilli kostgæfni. Mikil ánægja er með þær ákvarðanir sem teknar voru hvað varðar ráðstöfun eigna sjóðanna og er sú ráðstöfun tilgreind í tillögu hvers sjóðs.

Reykjavíkurborg er vörsluaðili sjóðsins og yfir honum er engin starfandi stjórn. Því er það lagt fyrir borgarráð að samþykki að slíta sjóðnum og úthluta fjármunum hans, með fyrirvara um samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra, í samræmi við meðfylgjandi tillögu sem er í samræmi við markmið sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá.

Niðurlag:

Niðurlagning og ráðstöfun fjármuna umrædds sjóðs eru því háð samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar, sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. laga nr. 19/1988. Samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 6. gr. fyrrgreindra laga skal við niðurlagningu sjóðs eignum varið til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum en Reykjavíkurborg er vörsluaðili sjóðsins og yfir honum er engin starfandi stjórn. Því er óskað eftir að borgarráð samþykki að leggja niður sjóðinn og úthluta fjármunum hans, með fyrirvara um samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra, í samræmi við framangreinda tillögu sem er í samræmi við markmið sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá.

Virðingarfyllst,
Halla Björg Evans, lögfræðingur
Fjármála- og áhættustýring

Bréf fjármálaráðuneytisins til lögreglustjóranna og tollstjórans Reykjavík, um innheimtu á effirlitsgjaldi rafstöðva.

Hér með er lagt fyrir yður að innheimta samkvæmt 7. gr. reglugerðar, dags. 4. apríl 1940, um breyting á reglugerð nr. 61 14. júní 1933, um raforkuvirki, sbr. 2. gr. laga nr. 38 12. júní 1939 um viðauka við og breyting á lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki, gjald til rafmagnseftirlits ríkisins, er nemur $\frac{3}{4}$ % af innkaupsverði allra raforkuvirkja, raftækja og hverskonar raffanga, sem flutt eru til landsins.

Gjald þetta ber að miða við það á vörinni, sem verðtollur er miðaður við, sbr. 10. gr. tollskrárlaganna nr. 62 30. des. 1939, og skal það fyrst um sinn fært í tollbók í sérstakan strikaðan dálk í athugasemdadálknum og þar að auki skal það vera innifalið í samtalsfjárhæð aðflutningsgjaldanna. Á tollreikningi skal gjald þetta talið í aukagjaldadálki. Við tollmerkingu á innkaupsreikningi skal gjaldið kallað rafmagnseftirlitsgjald.

Undanþegin þessu gjaldi eru raforkuvirki, sem ekki falla undir rafmagnseftirlit ríkisins, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 61 14. júní 1933, 3. mgr.

Gjald þetta ber að greiða til ríkisféhirðis á sama hátt og gjöld í ríkissjóð, og skal það sérstaklega aðgreint á skilgrein.

66
14. febr. Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Músiksjóð Guðjóns Sigurðssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum 14. febrúar 1940 af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Músiksjóð Guðjóns Sigurðssonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt erfiðaskrá Guðjóns Sigurðssonar, úrsmíðs í Reykjavík, dagsettri 14. júlí 1908, en Guðjón andaðist 25. apríl 1915, og er sjóðurinn gjöf hans til höfuðstaðar Íslands, sem nú er Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að því, að íbúar höfuðstaðar Íslands eigi ókeypis eða með vægum kjörum aðgang að því að njóta góðrar tónlistar við almenningsháfi.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, Landsbanka Íslands eða á öðrum jafntryggum stað, á þann hátt, sem arðvænlegast er á hinum ýmsu tímum, þó svo, að fénu sé aldrei í hættu teflt. Vextir allir skulu lagðir við höfuðstólinn til 1. janúar 1940. Eftir þann tíma skal $\frac{1}{2}$ ársvaxtanna varið á þann hátt, sem stjórn sjóðsins telur að best sé í samræmi við tilgang stofnanda sjóðsins samkvæmt 2. gr. En hinsvegar skal leggja $\frac{1}{2}$ ársvaxtanna við höfuðstólinn þar til hann er orðinn 300000.00 — þrjú hundruð þúsund krónur —. Eftir þann tíma má verja $\frac{1}{2}$ ársvaxtanna á sama hátt og að íraman segir, en ávallt skal leggja $\frac{1}{4}$ ársvaxtanna við höfuðstólinn.

LH

| | Dagsetning | Afgreiðslustaður Banki Gjaldkeri | Innlagi/Úttekið | Tegund færslu | Tilvísunarnúmer Banki Teg Reikn nr. | Innstæða krónur |
|----|------------|-------------------------------------|-----------------|------------------|--|-----------------|
| 1 | 050592 | 01010027 | *3.057,15+ | INNL | 010105278177 | >*****3.057, |
| 2 | 311292 | 01010003 | *74,22+ | VEXT | 010105278177 | >*****3.131, |
| 3 | 311293 | 01010024 | *226,85+ | VEXT | 010105278177 | >*****3.358, |
| 4 | 050794 | 01010003 | *61,17+ | ANBÓ | 010105278177 | >*****3.419, |
| 5 | 311294 | 01010003 | *111,35+ | VEXT | 010105278177 | >*****3.530, |
| 6 | 311295 | 01010024 | *145,48+ | VEXT | 010105278177 | >*****3.676, |
| 7 | 311296 | 01010020 | *157,64+ | VEXT | 010105278177 | >*****3.833, |
| 8 | | | | | | |
| 9 | | | | | | |
| 10 | | | | | | |
| 11 | | | | | | |
| 12 | | | | | | |
| 13 | | | | | | |
| 14 | | | | | | |
| 15 | | | | | | |
| 16 | | | | | | |
| 17 | | | | | | |
| 18 | | | | | | |

KISENDURSKOÐUN

B.T. JÓNASAR HALLGRÍMSSONAR.

RAGNHILDUR GUNNARSDÓTTIR
BERGSTADASTRÆTI 48
101 REYKJAVÍK

9. JANÚAR 1996

VARÐANDI: MÚSÍKSTJÓÐ GUÐJÓNS SIGURSSONAR,
N^o 455, ÞANN 31. DESEMBER 1997.

SAMKVÆMT MEÐF. BANKAÝFIRLITUM ER STAÐA STJÓÐSINS:

B.I. H/F METBÓK N^o 855031 KR. 3.762.309.14

L.I. H/F SPSTBÓK N^o 80055 " 7.048.57

MEÐ TILVIÐUN Í BRÉF MITT DAGS 8. NOV. 1996 ER ÍTREKNAÐ
ÞU ÓSK OKKAR AÐ STÓÐNUM VERÐI SKIPUÐ NÝ STJÓRN,
SEM YFIRTAKI EIGNIR.

FJÁRMÁLARAÐUNEYTIÐ HEFUR EKKI SVARAÐ, SBR. SAMAN BRÉF,
HVORT OKKUR ER KEIMILT AÐ ÁVAXTA STÓÐINN Á ANNAN HÁTT,
MEÐAN Í OKKAR VÖRSLU.

VIRÐINGARFÝLLST

R. Gunnard.

RAGNHILDUR GUNNARSDÓTTIR

KT. 210634 - 2159

DÓMSMÁLARAÐUNEYTIÐ

AFRIT: ~~FJÁRMÁLARAÐUNEYTIÐ~~

B.T. FANNEYJAR ÓSKARSDÓTTUR

Alþjóðsáttmáli
Banki Gjaldker

| | | | |
|-----------------|------------|--------------------|----------------|
| 80188 01010026 | | FLUTT 010105080055 | >*****3.268,75 |
| 311287 01010026 | *468,52+ | VEXT 010105080055 | >*****3.737,27 |
| 280188 01010026 | +1.011,00+ | INNL 010105080055 | >*****4.748,27 |
| 311293 01201605 | *2.113,36+ | VEXT 010105080055 | >*****6.861,63 |
| 311295 01370007 | *75,11+ | VEXT 010105080055 | >*****6.936,74 |
| 311297 01370005 | *6,00- | SKAT 010105080055 | >*****6.930,74 |
| 311297 01370005 | *117,83+ | VEXT 010105080055 | >*****7.048,57 |

Únaðarbanki Íslands hf

SPARISJOBUR
SAMRIT REIKNINGSYFIRLITA

07.01.98 14.53
8.6.1 304N
síða 1 af 1

Reikningur 0304-13.855031... Val 6
Eigend reiknings:
Eigandi 270140-3789 DANARBU/BERGLJOTDOTTIR

Ar 97 samrit nr 00001

Dags. útskriftar 31.12.97
Upphafsstæða 3.592.731,34
Lokastæða 3.762.309,14
Innb/Útb Stæða
188.418,80 3.781.150,14
18.841,00- 3.762.309,14

| Nr | Dags. | Vd | F1 | Iban-Bnum | Nr/Text | Tilv/Ktal |
|----|-------|----|----|-----------|---------|-----------|
| 1 | 31.12 | | 09 | | Vextir | |
| 2 | 31.12 | | 02 | | | |

5.244476

F7/F8-fletta F9-prenta F13-velja færslu F23-gjaldaupphæð/stæða

Ársreikningur 2023
Músiksjóðs Guðjóns Sigurðssonar

Númer í sjóðaskrá 455

Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|------|
| Staðfesting stjórnar, nafn og aðsetur vörsluaðila | 2 |
| Áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Skýringar með ársreikningi | 6 |

Staðfesting stjórnar

Stjórn Músiksjóðs Guðjóns Sigurðssonar staðfestir hér með ársreikning þennan fyrir árið 2023 með áritun sinni.

Reykjavík, 12. ágúst 2024.

Vinsamlegast vérlitið nöfn og áritið einnig

Nöfn stjórnarmanna

Halldóra Káradóttir



Kennitala

030365-4379

Heimili

Naustavör 18

Vörsluaðili:

Reykjavíkurborg

Heimili Ráðhúsi Reykjavíkur, 101 Reykjavík

Áritun skoðunarmanns

Til stjórnar

Ég undirritaður hef aðstoðað við gerð ársreiknings Músiksjóðs Guðjóns Sigurðssonar fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma staðfestingu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við III. kafla laga um bókhald nr. 145/1994. Þeim ber einnig að sjá til þess að viðeigandi eftirlit sé til staðar þar sem það á við og að ársreikningurinn sé í meginatriðum byggður á viðeigandi reglum ársreikningakafla bókhaldslaga og án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ég hef skipulagt og hagað vinnu minni í samræmi við viðurkenndar aðferðir á Íslandi við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Músiksjóð Guðjóns Sigurðssonar við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Ég hef tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi og allar upplýsingar sem mér eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Ég undirritaður hef yfirfarið ársreikningurinn og tel að hann gefi glögga mynd af afkomu Músiksjóðs Guðjóns Sigurðssonar á árinu 2023 og efnahag 31. desember 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 12. ágúst 2024.



Rekstrarreikningur ársins 2023

| Tekjur | Skýr. | 2023 | 2022 |
|--|-------|-----------------------|----------------------|
| Aðrar tekjur | | 0 | 0 |
| Tekjur samtals | | <u>0</u> | <u>0</u> |
| | | | |
| Gjöld | | | |
| Styrkveitingar skv. skipulagsskrá | | | |
| Annar rekstrarkostnaður | | 0 | 0 |
| Gjöld samtals | | <u>0</u> | <u>0</u> |
| | | | |
| Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | <u>0</u> | <u>0</u> |
| | | | |
| Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 297.852 | 87.877 |
| Fjármagnstekjuskattur | | (65.527) | (19.333) |
| Fjárm.liðir samtals | | <u>232.325</u> | <u>68.544</u> |
| | | | |
| Niðurstaða rekstrar | | <u><u>232.325</u></u> | <u><u>68.544</u></u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| Eignir | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---------------------------------|-------|------------|------------|
| Veltufjármunir | | | |
| Bankainnstæður og sjóðir | 1 | 11.407.013 | 11.174.688 |
| Veltufjármunir samtals | | 11.407.013 | 11.174.688 |
| Eignir alls | | 11.407.013 | 11.174.688 |
| Skuldir og eigið fé | | | |
| Eigið fé | | | |
| Eigið fé í ársbyrjun | | 11.174.688 | 11.106.144 |
| Tekjur umfram gjöld | | 232.325 | 68.544 |
| Eigið fé samtals | | 11.407.013 | 11.174.688 |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Ógreiddur kostnaður | | 0 | 0 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 0 | 0 |
| Skuldir og eigið fé alls | | 11.407.013 | 11.174.688 |

Skýringar

| | 2023 | 2022 |
|------------------------------------|-------------------|-------------------|
| 1 Bankainnistæður og sjóðir | | |
| Reikningur 334-13-569152 | <u>11.407.013</u> | <u>11.174.688</u> |